



Spurningakönnun Einingar Iðju

**Vegna undirbúnings komandi
kjarasamninga**

Gagnavinnsla: Eva Halapi

Skýrsla: Marta Einarsdóttir, Eva Halapi

Ritsstjórn og yfirllestur: Marta Einarsdóttir, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir





Efnisyfirlit

Inngangur og aðferð.....	2
Bakgrunnsbreytur.....	3
Starfsgreinadeild innan Einingar Iðju	3
Kyn þátttakenda	4
Aldur þátttakenda.....	5
Helstu niðurstöður.....	5
Meðaltal hvernar kröfu út frá fjölda þeirra sem völdu tiltekna kröfu.....	6
Meðaltal hvernar kröfu út frá heildarfjölda svarenda.....	8
Kröfur sem snúa að atvinnurekendum; hversu margir merktu við þær og í hvaða sæti þær voru settar. Greint eftir bakgrunnsbreytum.....	9
Kröfur sem snúa að ríkinu; hversu margir merktu við þær og í hvaða sæti þær voru settar. Greint eftir bakgrunnsbreytum.....	9
Ógildir listar	9
Opin svör.....	10



Inngangur og aðferð

Dagana 24. til 27. apríl 2018 lagði Eining Iðja spurningakönnun fyrir félagsmenn sína til að afla upplýsinga frá þeim um hvað félagið ætti að leggja áherslu á í komandi kjarasamningum. Spurningalistunum var hægt að svara á íslensku, ensku eða pólsku.

Á spurningalistanum voru taldar upp 15 kröfur sem snúa að atvinnurekendum og 6 sem snúa að ríkinu og voru félagsmenn beðnir að velja þær sjö kröfur sem þeir teldu mikilvægastar og raða þeim eftir mikilvægi, frá 1 upp í 7. Alls bárust 1483 spurningalistar; 1247 á íslensku, 134 á pólsku og 102 á ensku.

265 spurningalistar töldust ógildir í útreikningum á meðaltali. Þar af voru 233, þar sem þátttakendur höfðu merkt við alla svarmöguleika eða þar sem þeir höfðu merkt við nokkra svarmöguleika en ekki raðað þeim eftir mikilvægi. Þessir 233 listar voru teknir frá en skoðaðir sérstaklega með tilliti til hvaða kröfur voru oftast nefndar. (Sjá kaflann: Ógildir listar)

32 listar voru ónothæfir, þar sem þátttakendur höfðu einungis fyllt út bakgrunnsbreytur. Fullgildir listar voru því 1218; 1020 á íslensku (84%), 116 á pólsku (9%) og 82 á ensku (7%). RHA – Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri sá um að skanna spurningalistana inn með gagnaskanna og vinna úr niðurstöðum.




Bakgrunnsbreytur

Niðurstöður voru greindar eftir bakgrunnsbreytunum: *deild, kyn og aldur*. Ekki var greint eftir tungumáli lista þar sem að svör voru ekki nægilega mörg á pólsku og ensku til að hægt væri að bera saman hlutfall innan hópa.

Starfsgreinadeild innan Einingar Iðju

Deild segir til um hverri af þremur starfsgreinadeildum sambandsins svarandi tilheyrir og skiptast þær í: *Matvæla- og þjónustudeild; iðnaðar og tækjadeild og opinbera deild*.

Fjöldi svarenda skiptist þannig að 445 gild svör bárust frá matvæla og þjónustudeild (39,6%); 186 eða 56,1% frá Iðnaðar- og tækjadeild og 493 eða 43,9% frá opinberu deildinni. Sjá Mynd 1.




Mynd 1. Skipting svara eftir deildum




Kyn þátttakenda

Kyn skiptist þannig að 658 gild svör eða 57% bárust frá konum og 495 eða 42.9% frá körlum. Sjá mynd 2. Mikill munur var á kynjahlutfalli milli deildanna þriggja. Mikill meirihluti svarenda í opinberu deildinni eða 82,3% voru konur en aftur á móti var 96,1% svarenda í iðnaðar- og tækjudeild karlar. Hlutfallið var jafnt hjá matvæla- og þjónustudeild eða 50,6% konur og 49,4% karlar. Sjá Mynd 3.



Mynd 2. Skipting svara eftir kyni




Mynd 3. Skipting svara eftir kyni og deildum



Aldur þátttakenda

Aldri þátttakenda var skipt í sex aldursbil: 24 ára eða yngri, 25-34 ára, 35-44 ára, 45-54 ára, 55-64 ára og 65 ára eða eldri. Svör þátttakenda skiptust þannig að 200 svör bárust frá 24 ára eða yngri; 289 frá aldursbilinu 25-34 ára; 196 voru á aldrinum 35-44 ára; 214 á aldrinum 45-54 ára, 221 á aldrinum 55-64 ára og 59 voru 65 ára eða eldri. Sjá Mynd 4



Mynd 4. Skipting svara eftir aldri


Helstu niðurstöður

Í töflum í viðauka er annarsvegar hægt að bera saman kröfurnar út frá fjölda þeirra sem töldu þær á meðal 7 mikilvægustu krafna fyrir komandi kjarasamninga og hinsvegar reiknuðu meðaltali fyrir hverja kröfu. Meðaltal er reiknað út á tvenns konar hátt; annars vegar miðað við heildarfjölda svarenda og hinsvegar miðað við fjölda þeirra sem merktu við tiltekna kröfu.



Meðaltal hverrar kröfu út frá fjölda þeirra sem völdu tiltekna kröfu

Mynd 5 sýnir meðaltal fyrir kröfurnar 15, út frá fjölda þeirra sem merktu við viðkomandi kröfu. Meðaltalið var fengið þannig að gildin 1-7 voru endurkóðuð og þeim snúið við þannig að krafa sem sett var í fyrsta sæti fékk gildið 7 og sú sem sett var í sjöunda sætið fékk gildið 1 o.s.frv. Þetta þýðir að því hærra meðaltal sem krafan fær, þeim mun mikilvægari töldu félagsmenn hana vera. Í heildargildi hverrar kröfu var síðan deilt með fjölda þeirra þátttakenda sem merktu við hana. Appelsínugular línur eru kröfur gagnvart atvinnurekendum en bláar snúa að ríkinu. Kröfunum er raðað frá hæsta meðaltali til lægsta.



Mynd 5. Meðaltal fyrir kröfurnar, miðað við þá svarendur sem merktu við hverja kröfu. Kröfur gagnvart atvinnurekendum eru táknaðar með appelsínugulri línu og gagnvart ríkinu með blárri línu.

Eins og sjá má á mynd 5 voru tvær mikilvægustu kröfurnar gagnvart atvinnurekendum taldar vera þær að *auka kaupmátt launa* (meðaltal 5,3) og að *launahækkun verði í krónutölu* (meðaltal 5,0). Þar á eftir komu þrjár kröfur með nánast sama meðaltal (4,3 - 4,4): *Launahækkun verði í %*; *stytta vinnuvíkuna án þess að skerða laun* og *hækka lægstu launin umfram aðra*. Mikilvægustu kröfurnar gagnvart ríkinu voru að *hækka skattleysismörkin* (meðaltal 4,5) og að *lækka skattprósentuna* (meðaltal 3,8).

Spurningakönnun Einingar Iðju vegna komandi kjarasamninga




Þær kröfur sem fengu lægsta meðaltalið voru: *Taka upp greiðslu vegna veikinda maka* (meðaltal 2,8); *orlof miðist við lífaldur ekki starfsaldur* (meðaltal 3,0) og *fjölga starfsaldursþrepum* (meðaltal 3,0). Í viðauka 1 má í töflum og á myndum sjá meðaltal fyrir allar kröfurnar eftir bakgrunnsbreytum. Einnig má sjá hversu margir merktu við hverja kröfu og staðalfrávik meðaltalsins. Kröfurnar koma fyrir í þeirri röð sem þær voru í á listanum.



Meðaltal hvernar kröfu út frá heildarfjölda svarenda

Meðaltal fyrir kröfurnar 15 var einnig reiknað með því að taka heildargildi hvernar kröfu og deila í það með heildarfjölda þátttakenda en ekki heildarfjölda þeirra sem höfðu valið tiltekna kröfu. Í meðaltalinu hér á undan var ekki tekið tillit til heildarfjölda þátttakenda þannig að krafa sem tiltölulega fáir völdu en gáfu hátt gildi gat fengið hærra gildi en krafa sem fleiri völdu en gáfu minna mikilvægi. Þegar þetta meðaltal er skoðað sést t.d. að krafan *stytta vinnuvikuna án þess að skerða laun* er í þriðja sæti, þar sem mikill fjöldi merkti við þessa kröfu án þess endilega að setja hana í fyrsta sæti (Sjá Mynd 6). Í viðauka 2 má sjá töflur og myndir þar sem meðaltölin eru greind út frá bakgrunnsbreytum.



Mynd 6. Meðaltal fyrir kröfurnar, miðað við alla svarendur. Kröfur gagnvart atvinnurekendum eru táknðar með appelsínugulri línu og gagnvart ríkinu með blárrí línu.



Kröfur sem snúa að atvinnurekendum; hversu margir merktu við þær og í hvaða sæti þær voru settar. Greint eftir bakgrunnsbreytum

Í viðauka 3 eru niðurstöður settar fram í tíðnitöflum. Þær kröfur sem snúa að atvinnurekendum eru taldar upp í þeirri röð sem þær komu fyrir í spurningalistanum og sjá má hversu margir merktu við hverja kröfugerð. Í fyrsta dálki (ALLIR) eru heildarniðurstöður þar sem sjá má meðaltal fyrir hverja spurningu og staðalfrávik frá meðaltalinu. Við kröfuna *auka kaupmátt launa* merktu t.d. 830 þátttakendur. Úr töflunum má síðan lesa hversu margir röðuðu þessum þætti í hvaða sæti, frá 1-7. Í kröfunni „auka kaupmátt launa” röðuðu t.d. 367 þátttakendur eða 44,2% þeirra sem nefndu þessa kröfu henni í 1. sæti og töldu hana mikilvægustu kröfuna og 144 eða 17,3% röðuðu henni í annað sæti. Heildarniðurstöður hafa síðan verið greindar frekar eftir bakgrunnsbreytunum deild, kyn og aldur svarenda.

Kröfur sem snúa að ríkinu; hversu margir merktu við þær og í hvaða sæti þær voru settar. Greint eftir bakgrunnsbreytum

Í viðauka 4 eru taldar upp þær kröfur sem snúa að ríkinu og eru þær settar fram á sama hátt og í viðauka 3 (sjá hér að ofan).

Ógildir listar

Eins og áður hefur komið fram töldust 233 listar ógildir í megingreiningunni, þar sem þátttakendur höfðu sett x við kröfurnar í stað þess að raða þeim í númeraröð eftir mikilvægi, eða vegna þess að fleiri en ein krafa fékk sömu gildin. Þessir listar voru skoðaðir sérstaklega út frá því við hvaða kröfur hafði oftast verið merkt með x eða 1. Í ljós kom að kröfurnar röðuðust upp á svipaðan hátt og þegar meðaltölin voru skoðuð. Flestir merktu við *stytta vinnuvikuna án þess að skerða laun og hækka lögstu launin umfram aðra* en 195 merktu við báðar þessar kröfur. Hinsvegar settu fleiri eða 84 (43,1%) *stytta vinnuvikuna án þess að skerða laun* í fyrsta sæti (Sjá töflu í viðauka 5).



Opin svör

Þátttakendum var gefinn kostur á að bæta við með eigin orðum því sem þeim fannst vanta í spurningalistann og bárust 77 opin svör sem sjá má í viðauka 6.